

18. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

22. janúar 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj. ásamt Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) í gegnum Skype.

Forföll boðuðu: Sara Sigurðardóttir (SS) og Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH)

Fundur settur 19:05

Dagskrá:

1. Stjórn óskar UH til hamingju með að vera komin inn á þing og óskar henni velfarnaðar.
2. **Fundargerð 17. stjórnarfundar** var samþykkt.
3. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. [Umsögn](#) um lækun kosningaaldurs hefur verið send á stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.
 - b. Vegna dræmrar fjárhagsstöðu LUF hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið ákveðið að veita félaginu fyrirframgreiðslu þar sem tafir hafa orðið á undirritun samnings.
 - c. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur fallist á boð um að vera heiðursgestur á „Agenda 2030 Up North“ fundinum.
 - d. **#ÉgKýs 2018:**
 - i. Þakkarbréf og viðurkenningaskjöl hafa verið send á þáttökuskólana 2017.
 - ii. Bréf hefur verið sent á alla skólameistara þar sem allir skólar eru upplýstir um að verið sé að undirbúa skuggakosningar 2018. Voru skólarnir beðnir um að taka frá dagana 9. - 12. apríl fyrir lýðræðisviku sem endar á skuggakosningum þann 12. apríl.
 - iii. Fundað verður með Sambandi íslenskra sveitarfélaga á fimmtudag og Citizens Foundation á morgun.
 - iv. Gróf greining eftirfylgnikönnunar hefur borist. Eru niðurstöðurnar jákvæðar og styðja við rökin fyrir lækun kosningaaldurs.
4. Tillaga að lýsingu undir lið um „verkefni“ í **samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið** var rædd og samþykkt einróma.
5. **RSK málið:** Engin svör hafa borist enn, SHB sendir ítrekun.
6. **Framtíð LSÍ:** TI falið að vinna umsókn til Æskulýðssjóðs til að byggja upp „Pool of Trainers“ fyrir leiðtogaskólann.
7. **Verkfærakista:** TI og LMJ funduðu með fulltrúum vefstofunnar Frumkvæði og settu upp drög að veftré og uppsetningu verkfærakistu fyrir kostnaðarmat. Áætlaður kostnaður verður á milli 400 og 500 þ.kr. Kostnaðaráætlun og tillögur að uppsetningu var samþykkt einróma.
8. **Stefnumótunarfundur 5. febrúar:** Drög að fundarboði, dagskrá, skráningarform, listi yfir þátttakendur, stefnurammi og þarfagreining var samþykkt.
9. **Sambandsþing 25. febrúar:** Drög að auglýsingu eftir framboðum í stjórn var samþykkt.
10. **Alþjóðamál:** LUF tekur virkan þátt í undirbúningi „ReGeneration 2030 Summit“ sem haldið verður í Álandseyjum.
11. **Næsti stjórnarfundur:** Mánudaginn 5. febrúar kl. 17:00.
12. **Önnur mál:** Í kjölfar stjórnarfundar var haldinn vinnufundur stjórnar þar sem lagður var grunnur að þemum fyrir stefnumótunarfundinn og var fyrirkomulag hans skipulagt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 21:00

TI ritaði fundargerð.